

Mál nr. 138/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B

Kona rann til á gólfi í verslun og meiddist þ. 18.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.3.2012 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 16.4.2012

Málsatvik.

M rann skyndilega á gólfi inni í mjólkurkæli verslunar B. M segist hafa tekið eftir því eftir fallið að hún hafi runnið í fitupolli sem hafi myndast þegar krukka með fetaosti hafi brotnað á gólfinu, en ekki hafi verið hirt um að þrifa olíuna og ostaleifarnar af gólfinu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi látið vita strax af slysinu en það hafi ekki verið tilkynnt og beri B því hallann af sönnunarskortí og vísar M til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 385/2003 í því sambandi. M bendir á að B hafi greitt sjúkrakostnað hennar og því viðurkennt bótaskyldu í verki. M telur að slysið megi rekja til óviðunandi aðstæðna í verslun B og á því byggt að starfsmenn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að vanrækja að þrifa gólf verslunarinnar með þeim afleiðingum að slyshætta skapaðist. Þá vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 419/2007 og 635/2006 auk þess dóms Hæstaréttar sem vísað er til hér að framan. V hafnar bótaskyldu. V hafnar því að greiðsla á sjúkrakostnaði M af hálfu B sé viðurkenning á bótaskyldu. V segir að starfsmenn B hafi ekki orðið vitni að slysinu og þá hafi B upplýst að starfsmenn verslunar B hafi ekki haft vitneskju í aðdraganda slyssins um að krukka hefði brotnað og /eða innihald krukunnar hafi farið í gólfið. V segir að starfsmenn verslunar B hafi því ekki vanrækt skyldur sínar þar sem þeir höfðu ekki sérstaka vitneskju um hættuna. Þá vísar telur V að þeir dómur Hæstaréttar sem M vísar til séu ekki að öllu leyti sambærilegir og séu ekki fordæmisgefandi í þessu máli.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn B hafi vitað um að krukka með fetaosti hafi brotnað og innihaldið farið á gólfið áður en M datt á gólfinu. Ekki er sýnt fram á að B, starfsfólk B eða aðrir sem B ber ábyrgð á hafi sýnt af sér saknæma háttsemi, sem leiði til bótaskyldu B. Greiðsla B á sjúkrakostnaði M er ekki viðurkenning á bótaskyldu B úr ábyrgðartryggingu B hjá V. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 8.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.